

Foreldrar,
börn og
farsímar



Heyrumst!

Hvað veistu um farsímanotkun barna og unglunga?

Farsímanotkun hefur aukist verulega á liðnum árum en talið er að um rúmlega milljarður manna noti farsíma dag hvern. Í árdaga farsíma var notagildi þeirra aðallega fólgið í símtölum milli notenda en nú búa slík tæki yfir fjölmörgum viðbótarmöguleikum og -þjónustu. Meðal annars er hægt að taka hreyfimyndir og ljósmyndir sem notendur geta sent sín á milli. Þá geta þeir spilað tölvuleiki og vafrað um á Internetinu.

Börn og unglingar nota ýmis konar farsímaþjónustu eins og SMS (textaskilaboð) og MMS (myndskilaboð) í meira mæli heldur en foreldrar þeirra. Þar sem foreldrar nota farsíma frekar til þess að hringja kann þeim að reynast erfitt að fylgjast með og átta sig á farsímanotkun barna sinna.

GSM fræðslubæklingur Og Vodafone er ætlaður foreldrum og forráðamönnum til kynningar á farsímum, þjónustu og vörum sem tengjast slíkum tækjum. Í bæklingnum er að finna nytsamleg ráð fyrir foreldra um hvernig börn geta notað farsíma með öruggum og ábyrgum hætti. Bæklingurinn er því um leið ákveðinn leiðarvísir í notkunarmöguleikum farsíma. Þess vegna ráðleggjum við fólki að geyma hann á góðum stað.

Bæklingurinn er gerður í samvinnu við SAFT - Samfélag, fjölskylda og tækni. SAFT er vakningarátak um örugga og jákvæða notkun barna og unglunga á netinu og tengdum miðlum.

Hvað veistu um farsímanotkun barna og unglunga?	2
Hvenær hafa börn þroska til þess að nota GSM síma?	4
Myndavélasímar	6
Símalæsing	6
Læstir GSM símar	7
Einelti	8
Misnotkun	10
Fjöldaskeyti með farsíma	11
Þjófnaður á farsímum	12
Ábyrg notkun	12
Farsímar og heilsa	14
Farsímaleikir	16
Mismunandi leiðir til að greiða fyrir GSM notkun	18
Fróðleikur um farsíma og farsímataekni	19
Heilræði frá SAFT	21

Hvenær hafa börn þroska til þess að nota GSM síma?

Til að svara þessari spurningu verður að horfa til nokkurra þátta. Fyrir okkur fullorðna fólk er GSM síminn fyrst og fremst til hagræðingar og öryggis. En fyrir börn og unglina er GSM síminn umfram allt leiktæki og félagsleg hagræðing. Með félagslegri hagræðingu er átt við að samskipti ákveðinna aldurshópa fara mikið fram m.a. með SMS, ásamt því sem vinahópar hringjast á. Þannig verður það félagslega mikilvægt að hafa GSM síma ef við horfum til samskipta. Einnig er lítið á gæði GSM síma sem stöðutákn hjá ákveðnum aldursflokkum og því sækjast börn og unglingar eftir því að eiga sem flottastan GSM síma.

Börn og unglingar nota líka mikið GSM símann sem leiktæki þar sem hægt er að leika sér með t.d. myndir, hljóð, innbyggða leiki og jafnvel netleiki. Einnig að hlusta á tónlist, taka upp og spila bæði hljóð og mynd. GSM síminn býður þannig upp á möguleika sem meðhöndla þarf með ábyrgð, bæði þess sem sendir og þess sem tekur á móti upplýsingum.

Foreldrar og forráðamenn þurfa að huga að fjölmörgum þáttum þegar ákvörðun er tekin um hvort börn og unglingar eigi að fá GSM síma. Til dæmis þarf að sjá þarfir barna og unglinga í raunhæfu ljósi, út frá þeim aðstæðum sem þau lifa í. GSM símar eru dýr tæki og það kostar að reka þá. Þannig er mikilvægt að huga að hlutum eins og hver eru gildi heimilisins? Hvernig viljum við að barnið læri að meta hve mikið það kostar í raun og veru að vera með slík tæki? Erum við að gefa því leiktæki eða eru félagsleg sjónarmið mikilvægari? Hvaða viðhorf hafa foreldrar vana þeirra gagnvart notkun barna sinna á GSM sínum? Hafið þið rætt þessi mál við þá? Hafið því í huga að hlusta ekki einungis á þá sögu sem barnið segir ykkur.

Ef forsenda þess að barnið biður um GSM síma er út frá öryggi þarf að meta það út frá þeim aðstæðum sem barnið býr við og ykkar viðhorfum til raunverulegrar öryggisþarfar og hagræðingar. Ef forsenda þess að barnið biður um GSM síma er sú að vilja leiktæki má líkja því við að þið gefið barninu ykkar stafræna myndavél eða upptökuvél.

Hvenær barnið hefur þroska til að eiga GSM síma hlýtur því að fara eftir gildum ykkar, kæru foreldrar, og viðhorfum til raunhæfrar notkunar GSM símans. Hvert er markmið þess að gefa GSM síma og hverju viljið þið að það skili bæði barninu og ykkur? Það að hver sem er getur hvenær sem er haft samband við barnið ykkar, án ykkar vitundar og öfugt, krefst þess að þið treystið barninu ykkar til að meðhöndla þá ábyrgð sem fylgir því að eiga GSM síma. Þetta þarf síðan að setja í samhengi við aldur og þroska barnsins og ekki síst það samband og traust sem lagt er á barnið ykkar þegar við vegum og metum forsendur þess að börn og unglingar eigi sinn GSM síma.

Haukur Haraldsson, sálfræðingur

- Hvenær barnið hefur þroska til að eiga GSM síma hlýtur því að fara eftir gildum ykkar, kæru foreldrar, og viðhorfum til raunhæfrar notkunar GSM símans.



Myndavélasímar

Flestir nýir farsímar búa yfir innbyggðum myndavélum og gera notendum kleift að taka myndir og hreyfimyndir (video). Hægt er að senda myndirnar eða hreyfimyndirnar milli farsíma eða í tölvupóstfang. Þá er hægt að vista gögnin í símanum og flytja yfir í tölvu notanda, ýmist með þráðlausu, innrauðu ljósi eða blátannarbúnaði (Bluetooth).

Góð ráð

- Vertu viss um að barnið þitt þekki sín takmörk varðandi notkun á myndavélasímum. Til dæmis er myndataka með slíkum tækjum bönnuð víða, svo sem í búningsherbergjum.
- Mikilvægt er að fá leyfi hjá fólki áður en ljósmynd er tekin af því.
- Börn þín ættu einnig að láta vita ef þeim líður illa vegna myndatöku annarra farsímanotenda.
- Foreldrar ættu að brýna fyrir börnum sínum að fara varlega í að setja myndir á Netið. Það er oft erfitt að fjarlægja myndir þaðan þegar þær eru komnar þangað á annað borð.
- Hafðu samband í þjónustuver Og Vodafone í síma 1414 ef barni þínu berst óviðeigandi ljósmynd í farsímann. Þjónustuverið mun ráðleggja þér um næstu skref.

Símalæsing

Fjöldmörg fyrirtæki, stofnanir og hjálparsamtök reka 900 númer. Í slíkum númerum er hægt að hlýða á upplýsingar, afþreyingarmöguleika, fréttir eða leggja fram greiðslu til hjálparsamtaka. Verð í 900 númer er mismunandi. Upplýsingar um gjald fyrir hvert númer eru spilaðar í upphafi símtalsins.

Mögulegt er að loka á hringingar í 900 númer. Þá er hægt að loka á símtöl ef notandi er staddur erlendis. Þannig er hægt að koma í veg fyrir símtöl í símann sem foreldri þarf jafnvel að greiða fyrir.

Öll GSM símanúmer eru með fasta símtalslæsingu í upphafi. Hins vegar er hægt að velja á milli fastrar símtalslæsingar og læsingar með lyklnúmeri. Þá er mögulegt að sækja um læsingu hjá þjónustuveri Og Vodafone í síma 1414. Til þess að taka af læsingu þarf að koma í verslun Og Vodafone.

Góð ráð

- Hvetja barnið þitt til þess að biðja um leyfi ef það vill hringja í 900 númer.
- Gerðu barni þínu grein fyrir þeim kostnaði sem felst í að hringja í 900 númer.
- Hafa fasta læsingu á 900 númer.

A close-up, artistic photograph of a woman's face, focusing on her eye. Her hair is blonde and slightly messy. A bright, vertical light source is positioned in front of her, creating a strong reflection in her blue eye and casting a soft glow on her skin. The background is dark and out of focus, suggesting an indoor setting with some architectural elements.

Læstir GSM símar

Fjöldmörg farsímafélög læsa farsímum sem þau selja viðskiptavinum sínum til þess að koma í veg fyrir að þeir noti símana hjá öðrum farsímafélögum. Og Vodafone læsir ekki farsímum sem fyrirtækið selur viðskiptavinum sínum. Og Vodafone getur hins vegar opnað læsta farsíma fyrir viðskiptavini án endurgjalds.

Einelti

Því miður eru dæmi um að fólk noti farsíma til þess að áreita eða hræða aðra með óviðeigandi símtölum, textaskilaboðum eða myndum. Einelti er í sjálfu sér ekki bundið við tölvur eða farsíma. Það hefur alltaf viðgengist og verður ekki upprætt nema með samstilltu átaki fólks. Þess vegna er mikilvægt að foreldrar og forráðamenn séu á verði ef börn þeirra eru þolendur eða gerendur í slíkum málum.

Góð ráð

- Ef grunur leikur á því að barnið þitt hafi orðið fyrir áreiti með hringingum eða skeytum í farsíma er hægt að hafa samband við lögreglu, skólayfirvöld í viðkomandi skóla eða samtök sem veita þolendum aðstoð.
- Leggðu áherslu á að barnið þitt gefi ekki hverjum sem er símanúmerið sitt, síst af öllu ókunnugum.
- Þá er mikilvægt að ræða strax við barnið ef grunur vaknar um að það hafi orðið fyrir áreiti með símtölum eða skeytum úr farsíma.
- Leggðu áherslu á að barnið svari aldrei texta- eða Myndskilaboðum sem það hefur ekki óskað eftir.
- Ræddu við barnið mikilvægi þess að það láti þig vita ef það verður fyrir einhverskonar ónæði eða áreiti af völdum SMS eða Myndskilaboða, hvort sem það er frá einhverjum sem það þekkir eða ókunnugum.



- Því miður eru dæmi um að fólk noti farsíma til þess að áreita eða hræða aðra með óviðeigandi símtölum, textaskilaboðum eða myndum.

Misnotkun

Vakin hefur verið athygli á því erlendis að fólk geti beitt blekkingum með aðstoð farsíma í því augnamiði að lokka til sín börn og unglínga. Það kann að reynast erfitt að koma auga á slíkt framferði því ókunnugir geta ráðskast með börn, fengið þau til þess að treysta sér og haldið sambandinu leyndu.

Mikilvægt er því að gera börnum og unglíngum grein fyrir þessari hættu og um leið grein fyrir því að þið viljið fá að vita hvern þau eru í tengslum við. Þess vegna skiptir meðal annars máli að fylgjast með símanotkun barna sinna.

Góð ráð

- Ef óviðeigandi mynd berst í símann er hægt að hafa samband við lögreglu.
- Ef barnið þitt fær hótanir í formi símtala eða skeyta er mikilvægt að taka niður tíma og dagsetningu og vista öll skeyti í farsímanum. Hafðu svo samband við lögreglu.
- Gerðu barni þínu grein fyrir því að óviðeigandi myndir, textaskilaboð eða símtöl geta valdið öðrum þjáningu. Leggðu því áherslu á að barnið þitt sendi eingöngu skeyti sem það væri sjálft ánægt að fá.

Fjöldaskeyti með farsíma

Ruslpóstsendingar eru vaxandi vandamál sem valda tölvunotendum og jafnvel gsm notendum erlendis oft gremju. Slíkar sendingar innihalda meðal annars tilboð eða auglýsingar frá fyrirtækjum af ýmsum toga sem móttakendur hafa ekki beðið um. Oft hafa móttakendur litla hugmynd um hvernig pósthfang eða símanúmer þeirra komst í dreifingu. Þá getur reynst erfitt að afskrá sig fyrir slíkum sendingum.

Fá dæmi eru um ólöglegar fjöldasendingar með SMS hér á landi þó mögulegt sé að senda frítt SMS til notenda um vefsvæði, eins og á **www.ogvodafone.is**. Hins vegar er einungis hægt að senda einum notanda í senn og því takmarkar það óumbeðnar og óþekktar fjöldasendingar. Til þess að senda svokallað hóp-SMS þarf viðskiptavinur að skrá sig inn á vefsvæði Og Vodafone. Þá þarf að greiða fyrir sendingu á hóp-SMS. Það er því ljóst að erfitt er að misnota slíka þjónustu.

Og Vodafone sendir viðskiptavinum sínum skeyti ef breytingar verða á þeirri þjónustu sem þeir eru skráðir fyrir. Hins vegar leggur fyrirtækið áherslu á senda viðskiptavinum skeyti með ábyrgum hætti. Til dæmis fá ekki allir viðskiptavinir í GSM þjónustu send skeyti ef breyting verður á Frelsisþjónustu Og Vodafone.

Góð ráð

- Gerðu barni þínu grein fyrir þeim möguleika að það gæti fengið óumbeðið skeyti í GSM símann sinn. Mikilvægt er að svara ekki slíkum skeytum, sérstaklega ef þeim er sagt að hringja í ákveðið símanúmer.
- Viðskiptavinir geta þurft að samþykkja móttöku á skeytum í auglýsingaskyni og því er mikilvægt að barnið þitt samþykki ekki slíka þjónustu fyrir mistök.
- Láttu barnið þitt segja þér, eða einhverjum ábyrgum sem það treystir, frá auglýsingaskeytum eða efni sem því líður illa yfir.

Þjófnaður á farsímum

Mikilvægt er að gera barni grein fyrir því að skilja ekki farsíma sinn eftir á glámbekk því ávallt er sú hættu fyrir hendi að hann sé tekinn ófrjálstri hendi. Þá er mikilvægt að hafa samband við þjónustuver Og Vodafone, í síma 1414, ef viðskiptavinur, sem hefur glatað GSM símanum sínum, vill láta loka á númerið sitt vegna ólöglegrar notkunar. Notandi, sem vill endurheimta GSM síma sem hefur verið stolið, getur kært þjófnaðinn til lögreglu. Í framhaldi getur lögregla óskað eftir því við viðkomandi fjarskiptafyrirtæki að það finni GSM símann út frá staðsetningu og notkun. Slíkt er hægt jafnvel þó að búið sé að skipta um SIM kort. Þá er fylgst með GSM símanum út frá framleiðslunúmeri hans (IMEI BLS 19). Þess vegna er mikilvægt að geyma IMEI númer símans (Sjá nánar kafla um IMEI).

Góð ráð

- Skrifðu hjá þér IMEI númer símans og geymdu þessar upplýsingar á góðum stað ef GSM símanum verður stolið.
- Ráðleggðu barni þínu að hafa símann ekki fyrir allra augum, sérstaklega á opinberum stöðum. Gott er að geyma síma í vasa eða tösku.
- Segðu barni þínu að afhenda ekki símann ókunnugum sem óskar eftir því að hringja áriðandi símtal. Mögulegt er að um tilraun sé að ræða til þess stela símanum. Ef viðkomandi verður ógnandi í garð barnsins er hins vegar mikilvægt að það streitist ekki á móti og afhendi símann.
- Hafðu samband við þjónustuver Og Vodafone í síma 1414 ef síma barnsins þíns er stolið.
- Einnig er mikilvægt að nota PIN númer til þess að opna símann í hvert skipti sem kveikt er á honum. Þannig er erfitt fyrir aðra að nota GSM símann.

Ábyrg notkun

Það er mikilvægt að þú gerir barni þínu grein fyrir mikilvægi þess að fylgjast með því sem fram fer í kringum það á meðan það talar í símann, sérstaklega við umferðargötur. Einnig er þýðingarmikið að barnið tali hvorki né skrifi textaskilaboð á meðan það hjólar eða gengur á götum úti.

Ennfremur er nauðsynlegt að barnið þitt geri sér grein fyrir því að farsímanotkun er ekki alls staðar heimil. Af þeim sökum þarf stundum að slökkva á símanum, svo sem í kennslustofu, til þess að koma í veg fyrir truflun.

Það að þú sem foreldri gefur barni þínu leyfi til að nota GSM síma felur í sér að því sé kennt að axla þá ábyrgð sem fylgir notkuninni.



- Hafðu samband við þjónustuver Og Vodafone í síma 1414 ef síma barnsins er stolið.

Farsímar og heilsa

Ýmsir velta fyrir sér hvaða áhrif farsímanotkun hafi á heilsu notenda, einkum ef börn eiga í hlut.

Farsímanet

Farsímar nota útvarpsbylgjur yfir net farsímamastra. Farsímanetið er í stöðugri uppfærslu svo hægt sé að senda gögn og talflutning með öruggum og hröðum hætti.

Virkni farsíma

Farsímar eru háþrúð senditæki sem nota lágar útvarpsbylgjur (Radio Frequency) til sendingar á merkjum.

Svokölluð grunnstöð er upphafsreitur símtals milli farsíma og annars símtækis. Upplýsingar milli símtækja eru fluttar um útvarpsbylgjur. Slíkar bylgjur milli farsíma og grunnstöðva eru af sömu tegund og útvarpsbylgjur fyrir sjónvarps- og útvarpstæki og labb rabb tæki.

Vísindamenn hafa í nokkur ár kannað áhrif farsímanotkunar á heilsu fólks út frá útvarpsbylgjum. Komið hefur í ljós að orka sem er flutt um tíðni útvarpsbylgja í líkama yfir ákveðin mörk skapar hitaáhrif. Þá hefur einnig komið í ljós að notkun á farsímum skapar enga hættu séu þeir notaðir innan alþjóðlegra viðmiðanareglna frá ICNIRP (International Commission on Non-Ionizing Radiation).

Vísindamenn víða um heim hyggjast halda rannsóknum sínum áfram enda er tiltölulega skammt síðan að farsímar náðu verulegri útbreiðslu. Þá hefur Alþjóða heilbrigðismálastofnunin (WHO) meðal annars bent á nauðsyn þess að kanna sérstaklega áhrif farsímanotkunar á börn. Þó fjölmargar rannsóknir bendi til þess að farsímanotkun ógni ekki heilsu fullorðinna hafa fáar rannsóknir beinst að notkun barna.

Hins vegar geta foreldrar auðveldlega sett ákveðnar reglur um notkun ef þeir telja hið gagnstæða.

Góð ráð

- Hvetja barnið þitt um að tala stutta stund í senn í GSM símann eða nota textaskilaboð í staðinn. Þannig er hægt að koma í veg fyrir að síminn sé nærri höfði barnsins langan tíma í einu.
- Íhugaðu notkun á handfrjálsum búnaði fyrir barnið þitt til þess að tryggja ákveðna fjarlægð milli barnsins og símans.
- Frekari upplýsingar um farsímanotkun og heilsu er meðal annars að finna hér: Alþjóða heilbrigðismálastofnunin: **www.who.int**



Farsímaleikir

Tölvuleiki (Java leiki) er að finna í öllum nýjum gerðum farsíma. Þeir eru misjafnir milli tegunda og framleiðenda. Engu að síður eru þeir að verða sífellt vinsælli meðal yngri farsímanotenda, ekki síst í ljósi þess að notendur eiga þess kost að hlaða nýjum leikjum í símana sína. Hjá Og Vodafone er hægt að fá leiki senda í GSM síma með SMS skeyti eða af **www.ogvodafone.is**. Notendur þurfa að sækja GPRS stillingar til þess að eiga þess kost að hlaða leikjum í símann sinn.

Góð ráð

- Kynntu þér þá leiki sem barnið þitt spilar í símanum sínum. Óskaðu eftir því að fá að sjá upphaldsleik þess.
- Gerðu því grein fyrir hvers konar leiki það má spila.
- Fylgstu með því hvort barnið þitt spilar leiki í símanum sínum sem gera ráð fyrir samskiptum við aðra spilara.



Mismunandi leiðir til að greiða fyrir GSM notkun

Áskrift

Þú getur valið um nokkrar leiðir til þess að greiða fyrir notkun á farsímum. Það er mögulegt að gerast áskrifandi að farsímapjónustu en þá greiðir notandi fyrir notkun eftir á. Reikningar vegna áskriftar eru sendir til viðskiptavina mánaðarlega; annars vegar þarf að greiða fyrir mánaðargjald og hins vegar fyrir notkun.

Frelsi

Farsímanotendur geta einnig valið Frelsi en þá greiða viðskiptavinir fyrirfram fyrir notkun. Hins vegar geta aðrir haft samband við þig þó að inneign sé búi.

Inneign í Frelsi

Hægt er að hlaða inneign á Og Vodafone Frelsi með hleðslukortum, í heimabanka, á www.ogvodafone.is, með því að hringja gjaldfrjálst í 1414 eða með GSM greiðslu ef slík þjónusta er fyrir hendi. Hleðslukort er hægt að fá víða, í verslunum og sölutumum. Um 400 sölustaðir um land allt selja Og Vodafone Frelsis hleðslukort.

Foreldrar velja í flestum tilfellum Frelsisnúmer fyrir börn sín því þannig geta þeir haldið kostnaði vegna farsímanotkunar þeirra í lágmarki.

GSM vinir

Viðskiptavinir í áskrift og þeir sem fylla á GSM númerið í heimabanka, í hraðbanka eða með Frelsisáskrift geta valið GSM vin hjá Og Vodafone og þannig hringt og sent SMS án endurgjalds.

Frelsisáskrift

Frelsisáskrift er hentug leið fyrir foreldra til að setja ákveðna upphæð á Frelsi mánaðarlega. Upphæðin (500 kr. eða meira) er síðan skuldfærð á kreditkort.

SOS

SOS er þjónusta frá Og Vodafone sem eykur öryggi þeirra sem eru með Og Vodafone Frelsi. Nú geta þeir látið vita af sér jafnvel þótt inneignin klárast. Þetta er hægt að gera með þrennum hætti:

SOS LÁN

Með því að senda skilaboðin SOS LAN í 1400 fæst 100 kr. lán. Það gerir þér kleift að senda allt að 10 SMS eða tala í 10 mínútur innan kerfis Og Vodafone. Við næstu hleðslu á inneign dragast 100 kr. frá hleðslunni.

SOS HRINGDU!

Sendu skilaboðin SOS símanúmer (þess sem á að hringja í þig) í 1400. Viðkomandi fær SMS skilaboð um að þú óskir eftir samtali.

SOS KOLLEKT

Kollekt er hluti af SOS þjónustu Og Vodafone. Með Kollekt geta farsímanotendur í Og Vodafone Frelsi boðið öðrum farsímanotendum hjá Og Vodafone að greiða fyrir samtál á milli þeirra.

Sundurliðun reikninga

Réttahafar GSM númera í áskrift eiga þess kost á að fá sundurliðun símanúmera en sækja þarf sérstaklega um slíka þjónustu í síma 1414. Slík þjónusta er ekki fyrir hendi í Frelsi.

Inneign fyrir Frelsi gildir í sex mánuði. Eina undantekningin er USS! kortið sem er 1.990 kr. hleðslukort (0 kr. að senda SMS og Myndskilaboð) og gildir í 30 daga.

Þú getur alltaf fengið upplýsingar um hve mikið er eftir af inneign þinni með því að hringja í síma 1400, gjaldfrjálсан upplýsingasíma Og Vodafone Frelsis.

Ferðafrelsi

Ferðafrelsi er þjónusta fyrir Frelsis viðskiptavini Og Vodafone sem eru á leið til útlanda. Frelsis notendur þurfa ekki að gerast áskrifendur til þess að nota þjónustuna heldur einungis að skrá sig í Ferðafrelsi Og Vodafone. Þannig geta þeir hringt úr Frelsis númeri og fyllt á inneign á meðan dvöl þeirra í útlöndum stendur yfir.

Fróðleikur um farsíma og farsímataækni

SIM kort: Tveir meginhlutar farsíma eru: SIM kort og símtæki. SIM kort geymir meðal annars símanúmer notenda. Það inniheldur einnig örtölvukubb sem gerir notendum mögulegt að vista upplýsingar á kortið. Má þar nefna símaskrá, send og móttekin textaskilaboð, símanúmer sem notendur hafa hringt í og móttekin símanúmer. Þú getur flutt SIM kortið í annan farsíma með öllum upplýsingum sem eru á kortinu.

Ef þú glatar símkortinu, með eða án GSM símans, er mikilvægt að þú hafir samband við þjónustuver Og Vodafone í síma 1414. Þannig er hægt að koma í veg fyrir alla misnotkun símkortsins. Þangað til berð þú ábyrgð á allri notkun þess. Sjá nánar kaflann: **Þjófnaður á farsímu.**

PIN númer

Allir viðskiptavinir Og Vodafone fá svokallað aðgangsnúmer (PIN) með símkortinu. Það er fjögurra stafa númer (1, 2, 3, 4) sem kemur í veg fyrir að óviðkomandi aðilar geti hringt úr símanum þínum. Mikilvægt er að þú breytir númerinu í þitt persónulega aðgangsnúmer. Þegar þú ætlar að nota símann færð þú þrjár tilraunir til að slá aðgangsnúmerið rétt inn. Ef það mistekst er hægt að slá inn PUK kóða. Annars er hægt að koma við í verslun Og Vodafone til að láta opna SIM kortið aftur. Verslanir Og Vodafone: Smáralind, Krínglunni, Síðumúla 28 og á Glerártorgi, Akureyri. Einnig er hægt að hafa samband við 1414.

GSM síminn tekinn í notkun í fyrsta skipti:

Settu símkortið í símann.

Eftir skamma stund kemur upp texti á símanum sem biður þig um að slá inn aðgangsnúmer.

Sláðu inn aðgangsnúmerið: 1, 2, 3, 4.

Nýtt aðgangsnúmer er valið (verður að vera fjórir tölustafir).

Aðgangsnúmerið takmarkar aðgang annarra að símanum þínum. Þess vegna mælum við með því að því sé strax breytt. Sjá nánar í leiðbeiningum GSM símans um hvernig aðgangsnúmer er slegið inn eða því breytt.

Hvað ef ég gleymi leyninúmerinu?

Þá verður þú að hafa samband við þjónustuver Og Vodafone í síma 1414.

IMEI framleiðslunúmer

Farsímar eru með svokallað IMEI framleiðslunúmer (International Mobile Equipment Identity). Númerið er að finna bak við rafhlöðu símans. Þá er hægt að sjá númerið á mörgum símum með því að slá inn *#06#. Sjá nánar kaflann: **Þjófnaður á farsímu.**

SMS (Short Messaging Service)

SMS eða textaskilaboð er gríðarlega vinsæl þjónusta meðal barna og unglinga. Um er að ræða hentuga leið til þess að veita upplýsingar eða viðhalda sambandi við annað fólk. Einnig er hægt að nota SMS til þess að kaupa hringitóna eða til þess að greiða atkvæði í ýmis konar kosningum (til dæmis SMS kosning í Ídol Stjörnuleit).

MMS (Multi Media Service)

MMS eða Myndskilaboð gera þér mögulegt að senda og taka á móti stafrænum myndum úr myndavélasímu. Einnig er hægt að senda hljóðupptöku og hreyfimyndir (video) með Myndskilaboðum.

Niðurhal, GSM útlarp og minni

Mögulegt er að hlaða skrár af ýmsum toga í farsíma, svo sem hringitönur, tónlist, leikjum og myndum (hreyfimyndum). Í raun verður sífellt auðveldara að flytja efni yfir í farsíma, hvort sem það er um Internetið eða milli farsímanotenda.

Þá eru margir símar sem búa yfir innbyggðu útvarpi sem hægt er að hlusta á með eða án heyrnartóla. Ennfremur eru margir nýir símar sem búa yfir viðbótarminni með minniskorti. Notendur geta hlaðið efni af ýmsum toga á slík kort og horft, lesið eða hlustað á það í símanum sínum.

Í nánustu framtíð er gert ráð fyrir að GSM símar verði með innbyggt sjónvarp og geti tekið á móti útsendingum sjónvarpsstöðva.

WAP (Wireless Application Protocol)

WAP (Wireless Application Protocol) er samskiptastaðall sem allir nýir farsímar styðja. Þekktasti hluti hans er svokallaður WAP vafri (browser) en með honum er hægt að skoða WAP-síður sem eru hliðstæður vefsíðum. Ekki er um eiginlegan Veraldarvef að ræða heldur eru WAP-síðurnar sérstaklega gerðar fyrir síma og lófatölvur.

WAP er háð þeirri gagnaflutningstækni sem síminn hefur yfir að ráða. Hingað til hafa farsímar aðeins boðið upp á venjulegan gagnaflutning yfir GSM kerfið. Þá þarf notandinn að hringja til að ná sambandi og gagnahraðinn er 9,6 kílóþæti á sekúndu. Með GPRS þjónustu Og Vodafone eykst gagnaflutningshraðinn auk þess sem notandinn er sífengdur svo ekki þarf að hringja til að ná sambandi. Þegar þessi tækni er notuð er WAP-ið því töluvert hraðvirkara og þægilegra í notkun.

GPRS

Og Vodafone býður öllum GSM viðskiptavinum sínum upp á GPRS þjónustu. Aðgangurinn að þjónustunni er án endurgjalds en greitt er fyrir notkunina. GPRS er hraðvirk, þráðlaus gagnaflutningsþjónusta fyrir farsíma og nýtist öllum sem eru með síma sem styðja slíka tækni.

Prófanir á sínum í GPRS kerfi Og Vodafone hafa sýnt að gagnaflutningshraðinn með þeim er svípaður og notað sé 56 kb/s mótald.

Gagnaflutningar um farsíma nýtast farsímanotendum á tvennan hátt. Annars vegar má tengja símann við borðtölvur og fartölvur og nálgast og senda þannig tölvupóst eða efni á Internetinu óháð staðsetningu. GSM síminn gegnir þá hlutverki nettengingar. Hins vegar er hægt að nálgast og senda gögn í sjálfum farsímunum. Þá er notast við WAP staðal en GPRS er hinn eiginlegi gagnaflutningsmáti. Þannig geta notendur fengið upplýsingar á skjótan hátt í símann af öllum WAP síðum á Internetinu. Á þeim er m.a. að finna helstu fréttamiðla, íþróttasíður, leiki og annað skemmtiefni.

Til þess að notfæra sér GPRS þurfa notendur að láta senda sér stillingar frá www.ogvodafone.is í GSM símann.

Internetið í GSM síma

Hægt er að komast á Internetið um WAP síður í flestum farsímunum. Með slíkum hætti geta notendur séð flest af því efni sem er fyrir hendi á Internetinu. Flutningshraði í farsímakerfum hefur aukist og því er auðveldara að skoða og sækja sér efni á Internetinu. Flutningshraði í GSM kerfi er í kringum 9,6 kb/s en með GPRS viðbót er raunhraði í kringum 170 kb/s. Með EDGE, sem er önnur viðbót við GSM, er raunhraði vel yfir 400 kb/s. Gert er ráð fyrir að EDGE (Enhanced Data Rates for Global Evolution) verði komið í notkun hér á landi árið 2005.

Mikilvægt er fyrir foreldra og forráðamenn að gera sér grein fyrir að á Internetinu er að finna efni af ólíkum toga. Þar af leiðandi er ýmislegt sem gæti talist óviðeigandi fyrir börn. Internetið er án landamæra og því er eftirlit oft takmarkað með innihaldi þess.

Góð ráð

- Ræddu við barnið þitt um þá þjónustu sem það kann að nota í farsímunum, svo sem niðurhal á hringitónum, veggfóðri eða leikjum.
- Athugaðu hvort barnið miðli efni, sem búið er að hlaða af Internetinu.
- Gerðu barni þín grein fyrir því hvaða þú vilt ekki að það hlaði af Internetinu eða miðli með öðrum.

Heilræði frá SAFT

Farsímar eru í stöðugri þróun og tæknilegum möguleikum til að tengjast öðrum miðlum, s.s. Netinu, fjölgar jafnt og þétt. Með aukinni notkun barna og unglunga á farsímum er mikilvægt að foreldrar fylgist vel með notkun barna sinna. Enginn þekkir barnið betur en foreldrarnir og það er nauðsynlegt fyrir þá að velta því fyrir sér hvenær barnið er orðið nógu þroskað til þess að eiga farsíma og nota hann á öruggan hátt. Kynnið ykkur vel þá möguleika sem farsími barnsins hefur og ræðið við það um hvernig best er að nota símann á jákvæðan og öruggan hátt.

Ræddu við barnið um þessi öryggisatriði:

- Ekki gefa hverjum sem er símanúmerið þitt og ekki gefa símanúmerið upp á Netinu.
- Svaraðu ekki textaskilaboðum frá ókunnugum.
- Ekki fara og hitta einhvern sem þú þekkir aðeins í gegnum textaskilaboð eða Netið nema tala við einhvern fullorðinn fyrst og hafa einhvern með þér.
- Fáðu alltaf leyfi áður en þú tekur mynd af öðrum.
- Farðu varlega þegar þú setur myndir á Netið. Hver sem er getur náð í þær.
- Börn eiga að láta vita ef þau verða fyrir áreiti með hringingum eða textaskilaboðum.
- Mundu að myndir, textaskilaboð eða símtöl geta valdið öðrum þjáningu. Ekki senda öðrum skeyti sem þú myndir ekki vilja fá sjálf/ur.
- Hafðu tillitsemi og kurteisi að leiðarljósi í samskiptum við aðra.

Hvað er SAFT

SAFT - Samfélag, fjölskylda og tækni, er vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglunga á Íslandi. Verkefnið hófst 1. október 2004 og er til tveggja ára. Það er hluti af Safer Internet Action Plan, aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun og er styrkt af ESB. Samningsaðili við ESB er Menntamálaráðuneytið sem hefur falið Heimili og skóla - landssamtökum foreldra, að annast útfærslu og framkvæmd verkefnisins að öllu leyti fyrir Íslands hönd.

www.saft.is

S A F

T

og

 **vodafone**TM

Heyrumst!